



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við lok Kristnihátíðar
í Hallgrímskirkju
15. apríl 2001**

Við erum saman komin til að ljúka með lofgjörð í kirkju Hallgríms Kristnihátíð sem hófst fyrir tveimur árum með messugjörð í kirkju Matthíasar norðan heiða, guðshúsum helguðum skáldprestum góðum og gjafir þeirra, Passíusálmar og Guð vors lands, samgrónar sjálfsvitund og trú íslenskrar þjóðar.

Kristnihátíð var vígð vegferð þjóðarinnar öld af öld, sögu okkar og boðskapnum sem Kristur kenndi.

Til sjávar og sveita, í litlum timburkirkjum og háreistum musterum, á víðum völlum og í glæsilegum samkomuhúsum var fagnað og þakkað, tal og tónar innblásin af trúarhita sem í þúsund ár hefur fylgt þjóðinni í blíðu og stríðu. Í hverri sókn tóku æskan og hinir eldri höndum saman og efndu til hátíðar heima í héraði sínu. Um landið allt var beðið af heitu hjarta og lofsungin hin langa samleið með Kristi.

Kristnihátíð var svo sannarlega viðburðarík og í hverri byggð er geymdur vitnisburður um helgihald á tímamótum. Sköpunarkraftur skálda og listamanna birtist okkur í nýjum verkum. Söngur og tónlist, sálmar og sögurit, höggmyndir og málverk verða um ókomin ár efniviður til upprifjunar á nýsköpun sem Kristnihátíð færði okkur. Og börnin gerðu einnig sitt með því að túlka trúna á Krist í teikningum og textum, og sýndu þannig hvernig hún verður sérhverri kynslóð sannleikur og gleði, ár frá ári, öld af öld.

Í sólskini og sumarhita á helgum völlum við Öxará var höfuðmessen, altarisganga á grasflötum og brekkunni frá Almannagjá, sóknarprestar landsins alls saman komnir og góðir gestir frá öðrum löndum, biskupar frá bræðrakirkjum og sendimenn páfadóms hingað komnir til að heiðra og þakka íslenskri þjóð.

Þingvellir voru skartbúnir, helgidómur þings og kristni, landnámstíðar og lýðveldistöku, upphafið sjálft og endurnýjun samofin á einum stað; áminning um að standa ætíð vörð um ávinninga sem fórnfúst starf hefur skilað landi okkar.

Á páskadagsmorgni í helgidómi séra Hallgríms eru vegamót á langri leið. Hátíðin er á enda runnin en eftir stendur bjargið sjálft, kirkja Krists í landi okkar, boðberi trúar og góðra siða, sáttmáli við guð og menn.

Kirkja og þjóð eru svo samofin í okkar vitund að orðið sjálft, þjóðkirkja, hefur sérstakan sess í íslensku máli. Hefur svo verið og verður áfram á nýrri öld – nýju árpúsundi.

Við þökkum hér góðum guði og öllum þeim sem að verki komu.

Við þökkum gæfu og náð sem þjóð okkar veitist og biðjum um leiðsögn á framtíðarbraut, biðjum um réttlæti og frið öllum til handa.

Við þökkum það lán sem Íslandi fylgir, heilnæma náttúru og víðernið allt, gjöful mið og gæfuna að búa í samfélagi sem veitir öllum rétt til tjáningar og velfarnaðar í daglegu lífi.

Við hugsum til bræðra og systra sem glíma við fátækt og skort á hverjum degi, leita að styrk til að ná þó þeim rétti sem lágmark er talinn.

Það er verk að vinna um veröld alla og hjálparhönd skal héðan rétt í anda þeirrar trúar sem hátíðin var helguð.

Kristnihátíð var fyrirheit um framtíðina, áskorun til okkar allra að fylgja boðskapnum sem Kristur færði, að vera sönn og heil í huga og verki.

Kristnihátíð var fyrirheit um aukna ábyrgð Íslendinga, hvers og eins, í þágu þeirra sem þjást og bíða, bíða eftir hjálparhönd og vona að örbirgð og áþján muni enda taka.

Á vegamótum þúsund ára gaf Kristnihátíð nýja sýn, bar í ljósið bræðralagið sem ríkja verður um allan heim, færði eyþjóð aðrar skyldur en áður voru í fremstu röð.

Þannig var Kristnihátíð í senn þakkargjörð og leiðarljós um nýja tíma. Megi andi hennar jafnan fylgja Íslendingum.